

Frá Byrstofu til Breiðafjarðar. Voru írskir kaupmenn við Breiðafjörð undir lok miðalda? Helgi Þorláksson

Í Breiðafjarðarverkefninu svonefnda er m.a. fengist við sögu utanlandsverslunar. Henni sinntu í fyrstu Íslendingar og kaupmenn frá Noregi sem tóku höfn við Breiðafjörð. Síðar sigldu á hafnir við fjörðinn Englendingar, Þjóðverjar og Danir og voru í viðskiptaerindum. Hér verður athyglinni hins vegar einkum beint að Írum, sagnir um að írskir kaupmenn hafi verið á Snæfellsnesi og við Breiðafjörð eru nokkuð tíðar og er bent á örnefni og fornleifar til sannindamerkis. Spurt er: Er sennilegt að írskir kaupmenn hafi verið á þessum slóðum? Og hvenær ætti það þá að hafa verið?

Örnefni

Minjar sem teljast vera um Íra á Snæfellsnesi og við Breiðafjörð eru örnefni og fornleifar. Víkjum fyrst að örnefnum, þar með nöfnum á fornleifastöðum. Hér kemur skrá um þau og er ekki ætlað að vera tæmandi:

Írsku tóftir (eða *tóft*) hjá Grafarósi (nefndar 1839, sbr. 1817).

Írsku tóftir (eða *tattur*, *tóttir*) hjá Arnarstapa.

Írsku dysjar nærri Laugarbrekku og Hellnum (nefndar 1817).

Írafell á Hellnum (tóftarhólar).

Írsku búðir (nefndar 1755), *Írskerabrunnur*, *Írskerabyrgi* og *Íraklettur* ([1360]) hjá Gufuskálum¹.

Íraklettur við sjó, austan við Búðá innri í Hellnafellslandi í Grundarfirði.²

Írland hjá Hallbjarnareyri (sker), *Írland* í Helgafellseyjum (sker, um 1274), *Írafell* við Pekronsdal, hjá Drápuhlíðarfjalli; *Írá* fellur úr dalnum.³

Írafell hjá Háskaskarði, norður af Ljósufjöllum.⁴

Írsku leið, í mynni Hvammsfjarðar, nægilega djúp stórum skipum (1842).⁵

¹ Írakletts er getið í skjali sem telst vera frá um 1360, sbr. DI III, 140, en er aðeins til í afritum frá 17. öld. Efni skjalsins kann að vera að stofni frá um 1360 en Íraklettur getur verið innskot frá seinni tíð, sbr. um sama efni, beit Hraunskerðinga, í DI III, 141. Staðkunnugir kannast ekki við klettinn.

² ÖS 3709 a, Eyrarsveit (Hellnafell).

³ Hermann Pálsson segir ritháttinn ýmist Pekansdalur eða Bekronsdalur og getur til að þarna geti verið írsku mannsnafnið Bekan (Beccán), *Keltar á Íslandi*, 73, 70, 156, 161. Íraörnefni í grennd ættu þá helst að vera frá elsta skeiði.

⁴ Sjá Einar Haukur Kristjánsson, *Árbók 1986*, einkum kort á bls. 80-81.

⁵ Ólafur Lárusson nefnir 12 af þessum 15 ofangreindu örnefnum, sbr. *Landnám á Snæfellsnesi*, 35-6 (vantar Írsku dysjar og Írafell hjá Hellnum og Írsku byrgi hjá Gufuskálum). Ártöl í svigum sýna hvenær nöfnin muni fyrst nefnd í ritheimildum, svo að hér sé kunnungt

Írsku búðir eða Írsku tófir á Vestliðaeyri við Hvammsfjörð (1842).

Íravarða á Dögurðarnesi (hrundi 1627). Vesturhöfn í Dagverðarnesi, öðru nafni Íraböfn (svo um 1870).

Íraböfn í Purkey (djúpt og gott skipalægi).

Írlönd (tveir hólmar) og Írlandavogur (í Svefneyjum).⁶

Íranaust (fornlegar tóftir) á Stóra-Írlandi (í Svefneyjum).

Írski lakur hjá Auðshaugi í Vestur-Barðastrandarsýslu.

Þetta eru samtals 24 dæmi á Snæfellsnesi og við Breiðafjörð en Hermann Pálsson taldi alls 36 Íraörnefnid fyrir landið í heild.⁷

Hvernig ber svo helst að skýra þessi örnefni? Til er sú skoðun að Íraörnefni séu oft náttúrunöfn, gefin stöðum þar sem vatn ýri eða freyði. Orðin *yringur* eða *yring* eru höfð um úða. Til er og nafnorðið *yra* sem merkir *smágerð sletta*. Sums staðar sést að hinn virkjaði Írafoss í Soginu er nefndur Ýrufoss, skrifað með *y*, og er líklega tilgáta. En heiti skersins Írlands hjá Hallbarnareyri ætti e.t.v. að rita með *y* því að í lýsingu frá því litlu fyrir miðja 18. öld segir um skerið, „yfir það skúmar í brimum“. ⁸ Skúm er froða eða kannski *yra*. Í þessu dæmi og öðrum áþekktum þarf auðvitað að gæta að elsta varðveitta rithætti en verður ekki gert hér.⁹

Svo geta önnur örnefni tengd Írum verið frá upphafsskeiði byggðar. Frá Ásólfi alskik hermir í Landnámu að hann og fylgdarmenn veiddu í á sem nefnd var Írá „því að þeir voru írskir“, eins og þar segir.¹⁰ Þetta er að vísu ekki traustur fróðleikur en samt er líklegt að einhverjir ofangreindra staða með Íraörnefnum séu kenndir við Íra á elsta stigi byggðar en erfitt að segja hverjir.¹¹

Fæst Íraörnefnanna á Snæfellsnesi og við Breiðafjörð eru tengd pöpum eða Írum á elstu tíð Íslandsbyggðar heldur eiga að vera þannig til komin, eftir því sem hermt er í munnmælum og

⁶ Sjá *Íslandsatlas* (2006), 8 B1, 9 B2, 11 B2.

⁷ Hermann Pálsson, Um Íra-örnefni. Hermann tónir til sömu 12 örnefni og Ólafur tilgreinir á Snæfellsnesi, sækir þau til hans. Hann hefur sjö önnur dæmi frá Breiðafirði en þau eru níu hér (Hermann hefur ekki með Íravörðu né heldur Írahöfn í Purkey). Tala Hermanns fyrir Snæfellsnes og Breiðafjörð er 21 og fyrir landið að öðru leyti 15, þar af tvö óviss. Hermann tengir eftirtalin örnefni landnámstíma eða elsta skeiði: a. Snæfellsnessýsla: Írafell tvö, Írlönd tvö, Íraklettur tveir, Írá; b. Dalasýsla: Írahöfn á Dagverðarnesi; c. Barðastrandarsýsla: Írlönd tvö, Írlandavogur, Íranaust, allt í Svefneyjum, sbr. Hermann Pálsson, *Keltar á Íslandi*, 72, 75, 82.

⁸ *Sýslulýsingar 1744-1749*, 259.

⁹ Þetta er engan veginn einfalt; undir Helgafell heyrði hólmurinn Írland og er ritað þannig á elsta stigi og hefur því trúlega aldrei nefnst Ýrland. Hins vegar má sjá dæmi um tvenns konar rithátt þar sem er Írafell í Tungusveit í Skagafirði, líka ritað Ýrafell á 16. og 17. öld (DI XIII, 586-7).

¹⁰ *Íslendingabók, Landnámabók*, ÍF I, 63.

¹¹ Giskað er á að Írskra brunnur og Írsku búðir hjá Gufuskálum séu kennd við þræla Ketils gufu (ÖS 3706, Neshreppur (Gufuskálar)) eða Gufu Ketilssonar en fornrit gefa ekki beint tilefni til að halda það, segja ekki frá veru þrælanna undir Jökli. Þá er getið til að þrælar Hallsteins Þórólfssonar hafi gefið tilefni til örnefnanna Írland og Íranaust í Svefneyjum (ÖS 4505 a) en gerðir Landnámu segja að þrælarnir hafi verið teknir á Skotlandi (*Íslendingabók, Landnámabók*, ÍF I, 163)

rituðum frásögnum, að þar hafi verið írskir kaupmenn á ferð. Þetta er sjaldan tímasett nánar nema hvað Íraörnefnin á Vestliðaeyri eiga að vera frá 15. öld, eftir því sem heimildarmenn um 1850 töldu (sjá hér aftar).

Írar á ferð?

Flestum mun líklega þykja ótrúlegt að kaupmenn frá Írlandi hafi verið hér á ferðinni á 15. öld. En það gæti þó vel staðist. Í Lönguréttarbót frá 26. nóvember 1450 segir Kristján konungur I m.a., „Og lýsum vér alla engelska menn og írska, sem til Íslands sigla, útlæga og friðlausu og þeirra skip og góss fyrirgjört sem ekki hafa vort bréf og innsigli fyrir sér og í öllum stöðum rétt tekna“.¹² Þetta um írsku menn hefur líklega þótt ósennilegt því að til er sú tilgáta að þarna hafi í fyrstu staðið þýska fyrir írsku en til þess eru ekki nein knýjandi rök að álykta þannig; Þjóðverja getur ekki á Íslandi um 1450.¹³ Það eru þekkt dæmi þess að menn frá Írlandi hafi farið í verslunarferðir til Íslands á 15. öld og kaupförum hafi verið haldið frá Íslandi til Írlands á sömu öld. Hér eru dæmi:

1438: Skip frá Amsterdam flutti fisk o.fl. frá Íslandi og var rænt við Dalkey á Írlandi (leiguskip á vegum Írlendinga?).¹⁴

[1436-41]: Kaupmenn í Drogheda á Írlandi gerðu út kaupfar til Íslands; tveir menn voru skildir eftir á Íslandi en félagar þeirra sóttu þá ekki.¹⁵

1486: Menn á skipi frá London réðust á þýskt kaupfar við Ísland, sigldu þýska skipinu og 11 mönnum úr áhöfn þess til Írlands og seldu góss og áhöfn tveimur Írlendingum. Annar kaupendanna átti heima í Galway.¹⁶

Ekki eru beinu dæmin mörg, sem hér eru þekkt, um ferðir milli Írlands og Íslands á 15. öld en tilviljun ræður nokkru um fjöldann, aðeins er getið ferða sem leiddu til klögumála. En hafi Írlendingar gert út skip að nokkru marki hefði mátt vænta þess að þeir sæktu um leyfi til Íslandsferða, eins og krafist var í Lönguréttarbót og Englendingar gerðu, en þess mun ekki verða vart.¹⁷ Það kemur því á óvart hversu fyrirferðarmiklir írskir kaupmenn eru í munnmælum.

Hugsanlegt er að Englendingar hafi stundum leigt írsk skip til Íslandsferða en um það er aðeins

¹² DI V, 67. Stafsetning er samræmd hér.

¹³ Helgi Þorláksson, Íslensk skreið skákar norski. *Lindala* (Reykjavík 2001), 266-71. Þjóðverjar eru ekki nefndir á Íslandi í um 30 ár eftir 1442.

¹⁴ Carus-Wilson, *The Iceland venture*, 124. DI XVI, 288. DN XX, nr. 823, 110 (bréf 4.3. 1439).

¹⁵ Carus-Wilson og Marcus vísa í óaðgengilegar heimildir um þetta en nefna ekki ártal, sbr. Carus-Wilson, *The Iceland venture*, 133. Marcus, *The Conquest of the North Atlantic*, 133. Carus-Wilson vísar í DN XX, nr. 789 en ekkert er að finna þar. Þetta mun hafa gerst í tíð Hinriks VI, líklega helst 1436-41.

¹⁶ DI XVI, 553-4, 558-9.

¹⁷ Dæmi er af kaupmönnum í Bristol sem þóttust ætla að gera út skip til Írlands, í apríl 1448, en sendu það til Íslands án leyfis þannig að skipið var gert upptækt til handa Englandskonungi þegar það kom hlaðið varningi frá Íslandi, DI XVI, 338.

kunnugt eitt, óljóst, dæmi.¹⁸ Írarnir í örnefnum hafa því varla verið írskir kaupmenn sem gerðu út kaupför til Íslands. Spurningin er hver sé vitnisburður fornleifa sem tengjast Írum og hvort þær geti bent til að verið hafi kaupmenn á ferð.

Fornleifar

Hér kemur yfirlit yfir ætlaðar fornleifar sem eiga að tengjast Írum á umræddu svæði:

Írsku tóftir hjá Grafarósi (nefndar 1839, sbr. 1817).

Írsku tóftir (tættur) hjá Arnarstapa.

Írsku dysjar nærri Laugarbrekku og Hellnum (nefndar 1817).

Írafell á Hellnum (talað um „tóftarhóla“ í örnefnaskrá).

Írsku búðir (nefndar 1755), *Írskerabyrgi* og *Írskerabrunnur* nærri Gufuskálum.

Írsku búðir eða *Írsku tóftir* á Vestliðacyri (nefndar 1842).

Íraböfn í Purkey, þar hjá eru *Kaupmannalágar* og búðir (nefndar 1842).

Íravarða á Dagverðarnesi eða Dögurðarnesi (nefnd 1627).

Kumbaravogur á Skarðsströnd, búdatóftir eftir írskra kaupmenn (1842).

Íranaust í Svefneyjum (tóft).

Kumbaravogur á Svínanesi, gömul búdartóft írskra manna (um 1886).

Írski lakur hjá Auðshaugi í V.-Barðastrandarsýslu og ætlaðar tóftir í Búðarhólma, tengdar veru írskra manna.

Grafarós er í Breiðuvík á sunnanverðu Snæfellsnesi og þeir Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson nefna að þar hafi verið höfn fyrrum og unnt að leggja þar verslunarskipum en þeir geta að vísu ekki um Íra. Sagnir um veru Íra þarna og tvær búðir, og eins um Írsku dysjar, eru skráðar af séra Ásgrími Vigfússyni, hann segir frá þessu 1817 og 1818.¹⁹ Árið 1846 segir að sjáist glögg mótá fyrir Írsku tóftum á hól við Hamraenda.²⁰ Í örnefnaskrám eru Írsku tóftir við Grafarós (Hamraenda) nefndar tóftarbrot og líka giskað á að Írsku tóft sé gamalt hróf.²¹ Á Arnarstapa eiga að vera „gamlar tættur sem heita Írskutættur“, segir í örnefnaskrá.²²

Þeir Eggert og Bjarni segja frá Írsku búðum undir Jökli, fremst á nesinu, á svæði sem nefnist Móður.²³ Þeir nefna ekki kaupmenn í þessu sambandi en tala um búðir frekar en

¹⁸ Carus-Wilson nefnir að menn í Chester hafi leigt írskt skip til Íslandsferðar, *The Iceland venture*, 130.

¹⁹ *Frásögur um fornaldarleifar* II, 317, 321, 325.

²⁰ *Sýslu og sóknalýsingar* (Snæfellsnes III), 113-14.

²¹ ÖS 3705 a, Breiðavíkurhreppur (Hamraendar)

²² ÖS 3705 a, Breiðavíkurhreppur (Arnarstapi); aðrar myndir eru Írskutóttir og Írskutóftir. Örnefnið Írskutóftir má finna hjá Arnarstapa á korti, 1: 100.000, í *Íslandsatlas* (2006) 7 C4.

²³ *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar* I, greinar 410, 426, 542.

bæjartóftir. Í frásögn skráðri 1817 er getið um Írsku búðir hjá Rauðhól og að þar hafi fundist leirkrús og leifar tóbakspípu.²⁴ Sagnir eru um írsku skipbrotsmenn sem hafst hafi við í Írsku búðum. Móður munu vera Gufuskálamóður en norður af þeim eru Írsku búðir merktar á korti, hjá Gerðubergi, og þaðan eru tæpir 2 km að Gufuskálum.²⁵ Árið 1999 var grafinn þverskurður á einum stað í Írsku búðir, einnig nefndar Írsku tóftir, þar sem mátti telja að verið hefði skáli, og var niðurstaðan sú að þar hefði verið byggð á 9. og 10. öld. Nær Gufuskálum er hinn frægi brunnur, Írskrabbunnur, sem fannst aftur 1989 og var grafinn upp. Hann er furðulega mikið mannvirki, 16-18 tröppur niður í jörð.²⁶ Allt mun óljóst um uppruna hans. Ekki langt frá honum til vesturs stendur á sjávarbakka *Írskrabýrgi*, að stærð og gerð eins og rétt fyrir skepnur en þó eru ekki til þess nein bein rök að þetta hafi verið rétt og mun ekki kunnugt um upprunann.²⁷

Ekki er heldur gott að segja við hvað sagnirnar um veru Íra í Purkey og nafnið Írahöfn kunni að styðjast. Lúðvík Kristjánsson ritar að höfnin sé góð og að búðirnar í Kaupmannalágum séu tvær, önnur sé 13 x 3,7 m að innanmáli, hin sé jafnbreið en nokkru lengri. Hann getur ekki séð að tóftirnar tengist bænum í Purkey eða búskap þar og finnst líklegt að þarna hafi verið kaupmenn á ferð enda bendi örnefnið Kaupmannalágar til þess. Helst dettur honum í hug að hér hafi verið Írar á þjóðveldistíma eða Englendingar síðar.²⁸

Lúðvík vísar í Eyrbyggju um Dyflinnarfar á Rifi sem tók svo höfn við Dögurðarnes.²⁹ Það kann auðvitað að vera algjör skáldskapur. Engu að síður má hugleiða hvort heitið Íravarða í Dögurðarnesi eigi rætur í því að einhverjir hafi tengt saman vörðuna og frásögn Eyrbyggju. Sama máli kann að gegna um Vesturhöfn á Dagverðarnesi, næst við svonefnda Höfn. Í hinni síðarnefndu eru taldar vera búdaleifar og eiga að benda til veru kaupmanna. Vesturhöfn nefndist líka Írahöfn um 1870.³⁰ Hugmyndin í Eyrbyggju kann að vera sú að skipið hafi verið norrænt en á því eiga að hafa verið írskir menn og suðureyskir en fáir norrænir.³¹ Í Ballarárannál segir að ótilgreindir írskir menn hafi hlaðið Íravörðu í Dagverðarnesi og að hún hafi hrunið árið 1627 en um tildrög er ekki getið.³² Íra mun annars ekki getið í Dögurðarnesi en oft er þar getið norskra kaupfara. Af hverju varðan er tengd við Íra en ekki Norðmenn er ekki gott að segja en helst hefði þurft eitthvað meira til en frásögn Eyrbyggju. Má láta sér detta í hug að varða á þessum stað

²⁴ *Frásögur um fornaldarleifar* II, 333.

²⁵ Sjá *Íslandsatlas* (2006), 7 A2.

²⁶ Ólafur Elíundarson, *Undir bláum sólarali* I, 23, 88.

²⁷ Annað heiti á þessu mannvirki mun vera Malarbyrgi (ÖS 3706, Neshreppur (Gufuskálar)). Til er sú tilgáta að þetta sé kirkjurúst, sbr. Skúli Alexandersson, *Gönguleiðir undir Jökli*, 163, 172.

²⁸ ÖS 3807 a, Klfingshreppur (Purkey).

²⁹ *Eyrbyggja saga*, ÍF IV, 137.

³⁰ Andrjes H. Grímólfsson, *Dagverðarnes. Árbók Hins íslenska fornleifafjelags 1925-1926* (1926), 63-4.

³¹ *Eyrbyggja saga*, ÍF IV, 137. Væri því trúað að skipið hefði verið til og í raun komið frá Dyflinni árið 999 eða 1000, eins og sagan segir, þyrfti að minnast þess að borgin var norræn og skipið því væntanlega norrænt. Auk norrænna manna og Íra eiga að hafa verið Suðureyngar um borð og degur þetta allt úr líkum þess að skipið hafi orðið tilefni margra Íraörnefna.

³² Ballarárannál. *Annálar 1400-1800* III, 197. Einar G. Pétursson minnti mig á Íravörðu.

tengist endurteknum siglingum og nafnið Íravarða hafi staðið í sambandi við einhverja írsku farmenn sem voru oft á ferðinni.

Skammt frá er örnefnið Íraska leið, í mynni Hvammsfjarðar, og taldist þessi leið nógu djúp stórum skipum, eða hafskipum, á 19. öld.³³ Heitið getur bent til að þarna hafi verið leið einhverra sem kölluðust Írar, manna sem vöndu þar komu sína. Auðvitað er freistandi að tengja saman Írahöfn í Purkey, Írahöfn í Dögurðarnesi, Íravörðu og Írsku leið. Má ímynda sér sem fyrr að Íravarða eigi einungis rætur í frásögn Eyrbyggju um Dyflinnarfar í Dögurðarnesi og hafi síðan kveikt hin örefnin en heldur er það ósennilegt, mönnum hefðu þá verið Írar furðuhugstæðir af litlu tilefni.

Íraska leið á svo að tengjast ferðum Íra á Vestliðeyri við Hvammsfjörð þar sem eiga að vera ummerki um veru írskra kaupmanna. Í frásögn frá 1842 er Íraska leið nefnd „þjóðleið inn á Hvammsfjörð“ og er tengd frásögn Eyrbyggju um kauphöndlun írskra manna og er þetta notað í umræddri frásögn til að varpa ljósi á Írsku búðir á Vestliðeyri þar sem telst hafa verið góð höfn eða skjól fyrir skip í Gunnarsstaðapollum.³⁴ Í nokkru yngri heimild (eldri en 1872) kemur hins vegar fram að sagt sé að á Vestliðeyri hafi írskir menn stundað verslun, líklega á 15. öld, og þar sjáist húsatóftir þeirra.³⁵

Sé einhver fótur fyrir því að erlendir kaupmenn hafi leitað svo langt inn á Breiðafjörð fyrrum ætti það helst að hafa verið þegar fiskur veiddist sem ákafast innst við fjörðinn. Þannig veiddist ágætlega inn um allan Breiðafjörð langt fram á seinni hluta 17. aldar og kann jafnan að hafa verið svo á miðöldum.³⁶ Hins vegar er ekki vitað til að aðrir en Norðmenn hafi sótt til Íslands eftir skreið eða öðrum fiski fyrir 1412. Síðan tóku Englendingar og Þjóðverjar við og er líklegast að Íraörnefnin, sem tengjast siglingum innst í fjörðinn og ætluðum búðum við sjó, tengist þessari sókn eftir fiski á 15. öld eða síðar.

Skammt frá Dögurðarnesi er Kumbaravogur, nánar til tekið í Melalandi á Skarðsströnd, nokkru fyrir innan Klofninga. Um staðinn segir árið 1842 m.a., „... þar sjást merki til búdatófta sem írskum eru eignaðar“.³⁷

Við litla vík á Stóra-Írlandi meðal Svefneyja eru sagðar vera mjög fornlegar tóftir við lendingu og kallast þar Íranaust. Tilgátur einar eru um það hvernig á nafninu muni standa, og er giskað á papa, írsku fiskimenn og þræla Hallsteins Þórólfssonar.³⁸ Þessar tilgátur eru lítills virði.

³³ Árni Thorlacius, Skýringar yfir örnefni í Landnámu og Eyrbyggju, 283.

³⁴ *Sýslu- og sóknahýsingar* (Snæfellsnes III), 213. Þar er vísað í 62. kafla Eyrbyggju en frásögnin um Dyflinnarfarir er í 50. kafla í útgáfu Fornritafélags.

³⁵ Jón Jónsson, Örnefni í Snókdals sókn, 323. Vera má að heitið Vestliðeyri hafi laðað fram hugmyndir um Íra, m.ö.o. Vestmenn.

³⁶ Helgi Þorláksson, Ódrjúgshálsar og sæbrautir. Ekki verður fullyrt að fiskur hafi gengið alla leið inn á Hvammsfjörð.

³⁷ *Dalásýsla. Sýslu- og sóknahýsingar*, 158.

³⁸ ÖS 4505 a, Flateyjarhreppur (Svefnaeyjar).

Í minningum sínum segist Snæbirni Kristjánssyni í Hergilsey svo frá að um 1886 hafi talist vera „gömul búðartóft írskra manna“ við Kumbaravog á Svínanesi.³⁹

Loks er sögn um að írskir farmenn hafi átt búðir í Búðarhólma við Auðshaug í Barðastrandarhreppi og hafi farið í land til að sækja vatn í læk. Hann nefnist Írski lækur. Gamlar tóftir sáust í hólmanum og einn heimildarmanna gat til að það væru verbúðatóftir.⁴⁰

Írskra kaupmanna og búða sem eiga að sanna veru þeirra getur ekki einungis á Snæfellsnesi og við Breiðafjörð, árin 1775-6 hefur Olavius sagnir af þeim í Jökulfjörðum og á Austurlandi og vísar til búða sem sannindamerkja.⁴¹

Kumbarar eða Þjóðverjar?

Á tveimur stöðum við Breiðafjörð, þar sem Íra er getið, kemur fyrir örefnið Kumbaravogur, bæði á Svínanesi og á Skarðsströnd. Þriðji staðurinn við fjörðinn með sama heiti er svo Kumbaravogur hjá Bjarnarhöfn. Þá er líka Kumbarapollur í Breiðuvík, fyrir utan Bjargtanga. Enn fremur er til Kumbaravogur hjá Stokkseyri. Ekki mun átt við menn frá Cumberland á Englandi; að vísu verður ekki þvertekið fyrir að menn þaðan hafi siglt hingað á landnámstíð en um það er ekkert kunnugt. Sennilegi skýring er fólgin í því að *kumbari* gat merkt skúta eða klunnalegt kaupmannsfar, „et uanseligt Kjøbmandsskib“, eins og Björn Halldórsson ritar.⁴² Uppruni orðsins er óviss í þessari merkingu en mjög líklegt að þar sem orðin *kumbari* og *vogur* fara saman sé átt við nokkuð stórt flutningaskip.⁴³ Ætlandi er að þar hafi verið kaupmenn á ferð, líklega annaðhvort Englendingar eða Þjóðverjar en hugsanlega Írar.⁴⁴

Vel má vera að Írum og Þjóðverjum hafi stundum verið ruglað saman. Því kann að hafa ráðið m.a. að „þýskir“ og „írskir“ hljómar ekki ólíkt. Þannig kom t.d. fram 1817 að Þjóðverjar hefðu verið á ferð hjá Auðshaugi en þar nefnist Írski lækur. Snæbjörn í Hergilsey segir að 1885 væri búðatóft eignuð írskum mönnum á Svínanesi en Ólafur Olavius hermír að þar sjáist um 1775 ummerki eftir verslunarstöð Þjóðverja og Ólafur Sívertsen á líklega við sama þar sem hann

³⁹ Snæbjörn Kristjánsson, *Saga Snæbjarnar í Hergilsey*, 148-9.

⁴⁰ ÖS 4601 a, Barðastrandarhreppur (Auðshaugur og Auðnar).

⁴¹ Olavius segir að sjá megi glöggar minjar eftir svonefnda írskra krambúð í Hrafnfirði; Írar eiga líka að hafa haft aðsetur og verslað í Veidileysufirði og þar eigi að sjást tóftir. Hann nefnir hér Íra og Englendinga í sömu andrá. Enn fremur segir hann að sjá megi tóftir tveggja verslunarhúsa írskra kaupmanna á Búðareyri í Reyðarfirði og loks hermír hann að Írar hafi siglt til Gautavíkur. Sjá Ólafur Olavius, *Ferðabók I* (Reykjavík 1964), 160, 161-2; II (Reykjavík 1965), 126, 186. Þessi tenging milli Íra, kaupmennsku og verslunarstaða er athyglisverð.

⁴² Björn Halldórsson, *Orðabók* (1992).

⁴³ Kannski tengt *cumbersome* á ensku (tilgáta Maríu Jóhannsdóttur) sem tengist aftur *cumbrus* á latínu sem merkir massi eða hleðsla. Kumbari merkti þá farmaskip en ekki rennilegur siglari. Ekki er líklegt að kuggum hafi verið lagt inn í Kumbaravog á Svínanesi.

⁴⁴ Íslendingar áttu ýmsir farmaskip (ferjur, byrðinga, skútur, stóra tólfæringa) og má geta til að kaupmenn hafi komist yfir slík skip og notað til flutninga með ströndum og inn á firði.

talur um þýska kaupmenn á Svínanesi og sjáist allglögg tóftamerki.⁴⁵ Rök eru til að halda að þeir vísi allir til sömu tófta.⁴⁶ Ekki er ósennilegt heldur að eitthvað sé málum blandið þar sem segir 1842 að írskum mönnum séu eignaðar búðatóftir hjá Kumbaravogi í landi Mela við Klofninga.

Menn frá Byrstofu?

Margt kann að vera ótraust um ætlaðar tóftir Íra, jafnvel ímyndun eða uppspuni. Hið sérstaka er að hugmyndirnar frá 17. öld og fram á 19. öld um írsku menn á ferð tengjast ekki pöpum eða landnámsmönnum heldur einhverjum kaupmönnum sem eiga að hafa verið síðar á ferð. Á þessum slóðum, undir Jökli og við Breiðafjörð, voru ósjaldan kaupmenn frá Bristol, eða Byrstofu, á 15. og fram á 16. öld og grunur vaknar um að hér geti verið komin meginskýring á hugmyndum um ferðir írskra farmanna við Ísland undir lok miðalda.⁴⁷ Hermann Pálsson viðraði slíkar hugmyndir árið 1953.⁴⁸ Það voru jafnan mikil samskipti milli Írlands og Bristol.⁴⁹ Borgin er á vesturströnd Englands, fyrir sunnan Írland en þau Carus-Wilson og nemandi hennar, Björn Þorsteinsson, telja víst að Bristolmenn hafi jafnan siglt fyrir vestan Írland þegar þeir héldu til Íslands og eins á heimleið. Carus-Wilson bendir á að það var mun hættulegra vegna skerja og skoskra sjóræningja að sigla um Írlandshaf.⁵⁰ Víst er að Bristolmenn hafa stundum þurft að biða byrjar til Íslandssiglingar við Írland⁵¹ og gátu þá leitað þar vars, td. í Galway, og Írlendingar hafa þá væntanlega stundum slegist í för. Vissara er að segja fremur Írlendingar en Írar því að íbúar sem réðu málum í Galway á umræddum tíma voru einkum engilnormannskir, eða Anglo-Norman, ekki gelískir. Líklegt er að Bristolmenn frá vesturströndinni hafi verið í ýmsu ólíkir öðrum Englendingum á Íslandi sem komu jafnan frá Austur-Englandi, bæði í háttum og e.t.v. einnig í tali. Bristolmenn og Írlendingar kunna að hafa myndað einn hóp í augum Íslendinga. Og vera má að slíkur munur Bristolmanna og Íra annars vegar og Englendinga frá austurströndinni hins vegar komi fram á korti Olaus Magnus þar sem hann sýnir átök milli áhafna Hamborgarfars og annars skips við Ísland en við það stendur skrifað *Scoti*. Skoskra skipa mun vart eða ekki getið við Ísland á tíma kortsins, um 1530 en hins vegar stóð Íslandsförum nokkur stuggur að skoskum ræningjum á siglingaleið við Skotland og Orkneyjar. Hitt er kunnugt að lengi vel nefndust Írar *Scoti* upp á latínu og átti sér sögulegar skýringar. Var enn alsíða á 16. öld að latneskir

⁴⁵ Ólafur Olavíus, *Ferðabók II* (Reykjavík 1965), 244. Ólafur Sivertsen, Lýsing Flateyjarprestakalls. *Sóknalýsingar Vestfjarða. I. Barðastrandayjsla* (Reykjavík 1952), 114-15.

⁴⁶ Lengd sem Snæbjörn gaf upp á tóftinni (sbr. Kristján Eldjárn, *Kuml og haugfé úr heiðnum síð á Íslandi* (1956), 87-8) er því sem næst hin sama og á skýrri tóft sem er nærri Kumbaravogi og er jafnan eignuð Þjóðverjum.

⁴⁷ Nafn borgarinnar var oft ritað Bristowe og úr varð Byrstofa á íslensku.

⁴⁸ Hermann Pálsson, Um Íra-örnefni, 107-8.

⁴⁹ Carus-Wilson, The overseas trade of Bristol, 13-28.

⁵⁰ Björn Þorsteinsson, *Enska öldin*, 264. Carus-Wilson, The Iceland venture, 130.

⁵¹ DI XVI, 358, 360; Íslandsfari frá Bristol var siglt til Cork á Írlandi þótt byr til Íslandssiglingar væri hagstæður.

höfundar, einkum á meginlandi Evrópu, nefndu Írland *Scotia*.⁵² Við annað kaupfar á korti Olaus Magnus stendur *Angli* upp á latínu sem merkir Englendingar og væri þannig gerður greinarmunur á Írum og Englendingum við Ísland, ef *Scoti* merkti Írar.⁵³ Það er þó ekki víst því að 16 árum eftir að Olaus Magnus gaf út kort sitt (1539) birti hann ritið *Historia de gentibus septentrionalibus* og þar nefnir hann Skota *Scoti* og Íra *Hyberni*.⁵⁴

Bristolmenn við Snæfellsnes og Breiðafjörð

Bristolmenn sem fóru til Íslands héldu sig mest við suðvesturhornið og Vesturland, ekki síst við Snæfellsnes, eða almennt við Faxaflóa og Breiðafjörð.⁵⁵ Þetta er skiljanlegt þar sem þeir vildu kaupa skreið. Þeir hafa þó væntanlega komið víðar við á landinu. Fram á áttunda tug 15. aldar eru þeir fyrirferðarmestir enskra kaupmanna við landið. En þá tóku Þjóðverjar að keppa við þá og til árekstra kom og enskir kaupmenn fóru almennt halloka. Síðast er Bristolmanna getið 1528. Árekstrar við Þjóðverja og klögumál valda að við höfum nokkra vitneskju um hvar Bristolmenn héldu sig við landið. Hér er helst að nefna:

1467: Víg Björns í Rífi, menn frá Lynn og Bristol hafðir fyrir sök.

1475: Skipið *Le Mary de Bristowe* [frá Bristol] við Snæfellsnes (DI X, nr. 27).

1476: Skip frá Bristol við Snæfellsnes (DI XVI, 434).

1528: Skipið *Michael* frá Bristol við Snæfellsnes (DI XVI, 533-4, 560-61).

Þjóðverjar höfðu betur, kaupför Bristolmanna hurfu. Er sennilegt að Þjóðverjarnir hafi komið sér fyrir á stöðum þar sem Englendingar höfðu verslað áður, svo sem í Kumberavogum.

Írskur varningur á 15. og 16. öld

Nokkuð ber á írskum vörum á Íslandi samkvæmt heimildum frá 15. öld og 16. öld og kemur varla á óvart. Bristolmenn fluttu írskan varning til Íslands. Þannig fluttu þeir írskt léreft til landsins árin 1466, 1475 og 1485, eins og kemur fram í skýrslum.⁵⁶ Líklega voru töluverð brögð að því að írskar vörur bærust frá Bristol. Má vel vera að Íslendingar hafi ekki alltaf gert glöggan mun á því hvort vörur sem bárust þaðan væru enskar eða írskar og iðulega nefnt þær írskar. Írsk

⁵² *The Annals of Ireland, Translated from the Original Irish, of the Four Masters, by Owen Connellan* (Dublin 1846), 391. Sverrir Jakobsson benti mér á þessa heimild.

⁵³ Haraldur Sigurðsson, *Kortasaga Íslands frá öndverðun til loka 16. aldar*, 189-91..

⁵⁴ Olaus Magnus, *Historia de gentibus septentrionalibus* (Copenhagen 1972), 454. Pétur Eiríksson hvatti mig til að gera því skil hvort *Scoti* á korti Olaus Magnus gætu ekki verið Írar.

⁵⁵ Björn Þorsteinsson, *Enskar heimildir*, 55, sbr. 52-5.

⁵⁶ DI XVI, 36 (léreft), 54 (léreft), 61 (léreft). Írskir karlar gengu sjálfir í efnismiklum léreftsskyrtum og írskar konur báru höfuðföt sem þær vöfðu upp í stróka (Carus-Wilson, *The overseas trade of Bristol*, 25).

ullarklæði voru eftirsótt og fluttust mikið til Bristol; Bristolmenn fluttu alls kyns ótilgreind klæði til Íslands.⁵⁷ Árið 1542 er getið hérlandis um írskan feld en það er líklega það sem nefndist *faldynge*, írskt klæði sem er sagt hafa verið „rough-napped cloth“.⁵⁸ Sé rétt skilið hafði það verið ýft. Þá er ósjaldan getið um írskar bækur og írsk krossa í íslenskum kirkjum á 15. og 16. öld. Hér eru fyrst dæmi um írsk krossa frá 12 stöðum á landinu. Nákvæmari leit gæti leitt meira í ljós:

Írskur kross á 14. eða 15. öld (Hér er jafnan miðað við DI)

Núpufell í Eyjafirði (III, 527 (1394 eða síðar, sbr. 1461 í V, 297))

Írskir krossar á 15. öld

Írskur kross, Höfði í Eyjafirði (V, 263)

Tveir írskir krossar, Hólar í Eyjafirði (V, 309)

Írskur kross, Mikilgarður í Eyjafirði (V, 313)

Írskur kross, steinar fallnir úr, Kross í Landeyjum (VI, 333)

Írskir krossar á 16. öld

Írskur kross, Reykir í Tungusveit (Skag.) (VIII, 837)

Tveir írskir krossar, Þykkvabæjarklaustur (IX, 190)

Írskur kross, Keldur á Rangárvöllum (XV, 663)

Írskur kross, Holt undir Eyjafjöllum (XV, 671)

Írskur kross, Borg undir Eyjafjöllum (XV, 673)

Írskur kross, Ásar (Skaft.) (XV, 705)

Smeltur kross írskur, Einholt (Horn.) (XIII, 164; XIV, 493)

Írsku krossarnir munu hafa verið úr málm, smeltir með inngreyptum steinum. Þá kemur yfirlit yfir írskar bækur í kirkjum:

Írskar bækur á 15. öld

Írsk söngbók og írsk bók, Háls í Fnjóskadal (V, 298)

Írsk söngbók, Saurbær í Eyjafirði (V, 310)

Írsk skrá, Ás í Kelduhverfi (V, 279)

Írskar bækur á 16. öld

⁵⁷ DI XVI, 55-7; 71.

⁵⁸ DI XI, 134. Carus-Wilson, The overseas trade of Bristol, 26.

Írsk messubók og grallari, Grenjaðarstaðir (IX, 322)

Írsk messubók, Mörduvallaklaustur (IX, 317)

Írsk messubók, Svalbarð í Eyjafirði (X, 557-60)

Írsk messubók, Staður í Grindavík (XII, 664)

Írskur grallari, Laugardalur í Tálknafirði (XIII, 178)

Loks má telja hér það sem mætti nefna *ýmislegt*:

Ýmislegt írskt

Tvö paxspjöld írsk, Grund í Eyjafirði (V, 314)

Dóminíkur um sumar, írskar, Kvinnabrekka (VII, 68)

Írskur texti með silfur, Saurbær í Eyjafirði (IX, 328)

Írsk Maríumynd, Vallanes (X, 697)

Mikill meirihluti kirknanna, sem eiga þessa muni, telst í hópi hinna efnuðustu; undantekningar frá þeirri reglu gætu bent til að efnafólk hafi gefið fátækum kirkjum gripi. Írsk muni er að finna í kirkjum um allt land en þó er lítið að finna við Breiðafjörð, hvernig sem á því stendur. Líkleg skýring er sú að tilviljun ráði miklu um það hvenær ástæða hefur þótt til að taka sérstaklega fram að t.d. bók væri írsk, ensk eða norræn. Annars er áberandi að vantar yfirlit um búnað kirkna undir Jökli á 15. og 16. öld, séu máldagar til hafa þeir ekkert að segja um búnað.⁵⁹

Hvað er svo helst að segja um þessa írsku muni? Varla virðist líklegt að viðskipti við Írlendinga geti skýrt hversu algengir svokallaðir írskir kirkjumunir voru. Kaupmenn frá Írlandi voru varla svo fjölmennir á Íslandi á umræddum tíma. Hinn skýringarkosturinn virðist álitlegri, að þetta séu munir sem Bristolmenn fluttu og margir þessara muna kunna þó að hafa verið írskir í reynd. Og ég ítreka, Bristolmenn áttu margvísleg viðskipti við Íra og komu stundum við á Írlandi á leið til Íslands.

Í Kjalnesingasögu segir frá hinum írsku landnema, Örlygi á Esjubergi, sem hafði með sér plenarium (messubók, tíðabók og guðspjöl) til Íslands. Það á enn að hafa verið til við lok 13. aldar og hermir sagan að á væri á írskt letur.⁶⁰ Þetta held ég að sé einstakt og eigi sér vart hliðstæður í kirkjumáldögum fyrir 1400 þar sem slíkt ætti annars að vera að finna. Máldagar frá 15. og 16. öld eru hins vegar vitni um „írsk“ gripi sem munu hafa átt rætur í Bristol eða á Írlandi.

⁵⁹ Ólafur Elíundarson, *Kirkjur undir Jökli*.

⁶⁰ *Kjalnesinga saga*. ÍF XIV, 4, 44. Ég þakka Orra Vesteinssyni sem las þessa grein yfir í drögum; hann benti mér á að taka afstöðu til umsagnar Kjalnesingasögu um plenarium með írsku lettri.

Ályktanir

Ályktanir um efnið sem hér hefur verið til umræðu geta varla orðið áreiðanlegar að sinni. Dregið hefur verið fram að því var víða trúað á seinni hluta 18. aldar og á 19. öld að írskir kaupmenn hefðu verið fyrrum á Snæfellsnesi og við Breiðafjörð. Um það eiga að vitna örnefni og fornleifar og eru það ekki traustar heimildir, einar og sér, án rækilegrar könnunar og frekari, álitlegra vísbendinga í sömu átt. Hitt er hins vegar forvitnilegt hverng á þessari trú stendur. Umsögn í Lönguréttarbót frá 1450 um írsku menn sem hingað sigli veldur að ástæða er til að taka þessa trú á ferðir írskra manna alvarlega. Hér hefur verið dregið fram að til eru vitnisburðir, aðrir en Langaréttarbót, um að einhverjir kaupmenn, búsettir á Írlandi, muni hafa komið hingað á 15. öld. Þó hafa varla verið mikil brögð að því. Hins vegar voru Bristolmenn iðulega hér við land í um eina öld, fram til um 1530, og um tíma allfjölmennir. Menn í Bristol áttu margvísleg samskipti við Írlendinga og munu jafnvel oft hafa komið við á Írlandi á leið til Íslands. Þeir munu hafa flutt alls kyns írskan varning til landsins og gætu ýmsir kirkjumunir verið til vitnis um það. Annar möguleiki er sá að munirnir hafi stundum verið kallaðir írskir af því að þeir bárust með Bristolmönnum. Hér væri þá kannski komin meginástæðan fyrir hugmyndum á 18. og 19. öld um írsku kaupmenn fyrrum á Íslandi. Tilgátan er sú að kaupmenn og aðrir farmenn frá Bristol hafi verið taldir írskir vegna nánna tengsla sinna við Írland og vegna þess írsku varnings sem þeir fluttu eða töldust flytja. Enn fremur að ekki hafi verið gerður munur á þeim og raunverulegum Írlendingum sem hingað leituðu til kaupskapar. Þetta gæti orðið leiðsögustef fyrir frekari rannsóknir.

Heimildaskrá, skammstafanir

Andrjes H. Grímólfsson, Dagverðarnes. *Árbók Hins íslenszka fornleifafjelags 1925-1926* (1926), 59-70.

The Annals of Ireland, Translated from the Original Irish, of the Four Masters, by Owen Connellan (Dublin 1846).

Árni Thorlacius, Skýringar yfir örnefni í Landnámu og Eyrbyggju, að svo miklu leyti sem við kemr Þórsnes þingi hinu forna. *Safn til sögu Íslands og íslenszka bókmenta að fornu og nýju*. II. (Hið íslenszka bókmenntafélag: Kaupmannahöfn 1886), 277-98.

Ballarárannáll 1597-1665. *Annálar 1400-1800* (Annales islandici posteriorum sæculorum). III. (Hið íslenszka bókmenntafélag: Reykjavík 1933-1938), 179-224.

Björn Halldórsson, *Orðabók. Íslensk – latnesk – dönsk*. (Orðfræðirit fyrri alda II. Orðabók Háskóla Íslands, 1992).

Björn Þorsteinsson, *Enska öldin í sögu Íslendinga*. (Mál og menning: Reykjavík 1970).

Björn Þorsteinsson, *Enskar heimildir um sögu Íslendinga á 15. og 16. öld* (Hið íslenszka bókmenntafélag: Reykjavík 1969).

Dalasyzla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenszka bókmenntafelags 1839-1855. Einar G. Pétursson sá um útgáfuna (Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík 2003).

DI = Diplomatarium islandicum, *Íslenszket fornbréfasafn*, sjá.

DN = Diplomatarium norvegicum.

Carus-Wilson, E.M., The Iceland venture. *Medieval Merchant Ventures. Collected Studies* (Methuen & co ltd.: London 1967), 98-142.

Carus-Wilson, E.M., The overseas trade of Bristol in the fifteenth century. *Medieval Merchant Ventures. Collected Studies* (Methuen & co ltd.: London 1967), 1-97.

Einar Haukur Kristjánsson, *Árbók 1986. Snafellsnes norðan fjalla*. (Ferðafélag Íslands: Reykjavík 1986)

Eyrbyggja saga. Einar Ól. Sveinsson og Matthías Þórðarson gáfu út. *Íslenszka fornrit IV*. (Hið íslenszka fornritafélag: Reykjavík 1935).

Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757. Samin af Eggert Ólafssyni. I (Isafoldarprentsmiðja: Reykjavík 1948).

Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823. II. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar (Stofnun Árna Magnússonar: Reykjavík 1983).

Haraldur Sigurðsson, *Kortasaga Íslands frá öndverðu til loka 16. aldar*. (Bókaútgáfa Menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins: Reykjavík 1971).

Sögubing 2012. Ráðstefnurit. Sagnfræðistofnun, Reykjavík, 2013.

Helgi Þorláksson, Íslensk skreið skákar norskri. *Líndæla. Sigurður Líndal sjötugur 2. júlí 2001*. (Hið íslenska bókmenntafélag: Reykjavík 2001), 265-93.

Helgi Þorláksson, Ódrjúgshálsar og sæbrautir. [Væntanlegt í *Sögu I*: 2013]

Hermann Pálsson, Um Íra-örnefni. *Skírnir* CXXVII (1953), 105-11.

Hermann Pálsson, *Keltar á Íslandi* (Háskólaútgáfan: Reykjavík 1996).

ÍF = Íslensk fornrit; sjá titla einstakra verka.

Íslandsatlas (Edda útgáfa, hf.: Reykjavík 2006).

Íslendingabók, Landnámabók. Jakob Benediktsson gaf út. Íslensk fornrit I. (Hið íslenska fornritafélag: Reykjavík 1968).

Jón Jónsson, Örnefni í Snókdals sókn. *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmenta að fornu og nýju*. II (Hið íslenska bókmenntafélag: Kaupmannahöfn 1886), 319-27.

Kristján Eldjárn, *Kuml og haugfé úr heidnum sið á Íslandi* (Bókaútgáfan Norðri: [Reykjavík 1956]).

Kjalnesinga saga. Jóhannes Halldórsson gaf út. Íslensk fornrit XIV. (Hið íslenska fornritafélag: Reykjavík 1959).

Marcus, G.J., *The Conquest of the North Atlantic*. (The Boydell Press: Woodbridge 1980).

Olaus Magnus, *Historia de gentibus septentrionalibus* (Rosenkilde and Bagger: Copenhagen 1972).

Ólafur Elíundarson, *Kirkjur undir Jökli. Vísitasúr o.fl. að Ingjaldsbóli, Hellnum, Knerri Laugarbrekku, Eimarslóni og Saxbóli 1200-1998*. (Jökla hin nýja I. Úr sögu Breiðuvíkurrepps og Neshrepps utan Ennis, 2000).

Ólafur Elíundarson, *Undir bláum sólarali*. I. (Jökla hin nýja. II. Úr sögu Breiðuvíkurrepps og Neshrepps utan Ennis. Háskólaútgáfan, Reykjavík 2003).

Ólafur Lárusson, *Landnám á Snæfellsnesi* (Snæfellsnes I. Félag Snæfelling og Hnappadæla í Reykjavík: Reykjavík 1945).

Ólafur Olavius, *Ferðabók. Landsbagir í norðvestur-, norður- og norðaustursýslum Íslands 1775-1777, ásamt ritgerðum Ole Henckels um brennisteinsnám og Christian Zieners um surtarbrand*. Steindór Steindórsson frá Hlöðum íslenskaði. I-II (Bókfellsútgáfan: Reykjavík 1964-1965).

Ólafur Sivertsen, Lýsing Flateyjarprestakalls. *Sóknalýsingar Vestfjarða*. I. *Barðastrandasýsla* (Samband vestfirzakra átthagafélaga: Reykjavík 1952), 92-192.

Skúli Alexandersson, Gönguleiðir undir Jökli. *Breiðfirðingur* 56 (1998), 161-72.

Snæbjörn Kristjánsson, *Saga Snæbjarnar í Hergilsey. Ritun af honum sjálfum*. (Þorsteinn M. Jónsson: Akureyri 1930).

Sýslulýsingar 1744-1749. Útgefandi Bjarni Guðnason. Sögurit 28. (Sögufélag: Reykjavík 1957).

Sögubing 2012. Ráðstefnurit. Sagnfræðistofnun, Reykjavík, 2013.

Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags. Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson sáu um útgáfuna (Snæfellsnes III, Snæfellingaútgáfan: Reykjavík 1970).

ÖS: Örnefnasafn. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Reykjavík.